

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Elsa María Guðmundsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Leifur Guðni Grétarsson, Oddur Örnólfsson, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri og Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða

**Afboða, mæta ekki :** Hrafnhildur Lúthersdóttir. Emil Örn Harðarson móta og miðlunarstjóri (í barneignaleyfi), Hilmar Örn Jónasson,

**Fundur 03.11.2020 settur kl. 18.00.** Fundurinn var fjarfundur

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

## 2. Mót og starfsemi

- a. Eftir að öllu íþróttastarfi var hætt frá frá 7. október hefur forsvarsfólk SSÍ fundað mikið með yfirvöldum ásamt fleiri sérsamböndum innan ÍSÍ. Mikill tími fór í hagsmunabaráttu íþróttafólks til að komast til æfinga á ný. Þann 21. okt fékkst loks undanþága til æfinga fyrir þá sem fæddir eru 2004 og fyrr. Þetta tókst með því að sameina aðila frá ráðuneytum, lögreglu og almannavörnum í samvinnu við sveitafélögin. Þetta var þó skammgóður vermir þar sem yfirvöld tóku ákvörðun þann 30. október að öllu íþróttastarfi skyldi hætt í 2 – 3 vikur.
- b. Í kjölfarið á fyrrnefndu æfingabanni í byrjun október fór í gang mikil vinna í innan SSÍ, í samstarfi við félögin og þjálfara þeirra, til að koma mótum fyrir á atburðadagatali miðað við að allir væru komnir til æfinga fyrir lok október eins og stefndi í á tímabili. Niðurstaða þess varð sú að öllum mótum á atburðadagatali í okt og nóv yrðu felld niður en SH og Fjölnir myndu halda samskonar mót helgina 27.- 29. nóvember sem var upphaflega dagsætningin fyrir ÍM. Þessi mót áttu að vera með nákvæmlega sama sniði og félög myndu sækja mótin miðað við hvar þau væru staðsett á landinu.
- c. Ljóst er að með þessum hertari aðgerðum þarf að breyta atburðadagatali enn eina ferðina. Unnið er að hugmyndum varðandi hvernig móthaldi verður háttað þegar að íþróttabanni verður aflétt samkvæmt nokkrum hugsanlegum sviðsmyndum. Þær hugmyndir verða ræddar innan hreyfingarinnar áður en þær verða kynntar.
- d. Fundað hefur verið með forsvarsfólki Ægis varðandi verkaskiptingu í kringum RIG en SSÍ hefur fundist of mikill tími fara í mótið að hálfu sambandsins m.v tekjuskiptingu mótsins. Ægissfólk kom með hugmynd um að þau kæmu meira að vinnu og skipulagi fyrir mótið og boðað hefur verið til framhaldsfundar.
- e. Haldin hefur verið fundur með ÍSÍ vegna fjárhagsáætlunar næsta árs og er sú vinna nú hafin.

- f. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fjarfund með mennta- og félagsmálaráðherra ásamt forsvarsfólki innan íþróttasambandanna þar sem kynntar voru aðgerðir stjórnvalda til handa íþróttalífinu í landinu til að takast á við tekjumissi vegna Covid-19 faraldursins. Tillögurnar verða betur kynntar frá ráðuneytunum fyrir 10. nóv n.k.
- g. Boðað verður til formannafundar fimmtudagskvöldið 26. nóvember.

### 3. Afreksmál

- a. Nýjar æfingar frá Hreyfingu eru að koma inn á Covid Facebook síðu okkar.
- b. Jóhann Ingi sálfræðingur ætlar að setja inn verkefni á Covid Facebook síðuna okkar til að halda við andlega þættinum á þessum skrítnu tímum.
- c. Æfingabúðir á Tenerife eru planaðar í byrjun næsta árs en ekki búið að negla dagssetningu vegna ástands.
- d. Afreksstefna og þjálfarahandbók eru í vinnslu og rammi af þeim verður tilbúin um áramót.
- e. Leifi hélt vel heppnaðaðan fund með þjálfurum s.l laugardag þar sem ástandið var rætt og skipst á hugmyndum. Annar fundur er planaður 5. nóv.
- f. Ljósíð í myrkrinu þessa daganna eru frábær árangur Antons Sveins á ÍSL mótaröðinni en hann hefur verið að bæta eigin Íslands- og norðurlandamet í 100 og 200 m bringu í 25 m laug (sjá staðfesting meta neðar í fundargerð)
- g. Lágmrök og viðmið fyrir sundtímabilið 2020-2021 hefur verið gefið út og er aðgengilegt á heimasíðu SSÍ. Eins og fram hefur komið hefur farið mikil vinna í skjalið og hugmyndafræðin á bakvið það hefur verið kynnt vel fyrir þjálfurum og sundfólki í afrekshópum SSÍ.

### 4. Fundargerðir nefnda

- a. Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

### 5. Félagaskipti

- a. Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.

### 6. Staðfesting meta

#### 25m laug

#### Karlar

Grein:	Nafn :	Félag	Tími	Dags:	Staður
200m bringa	Anton Sveinn McKee	SH	2:01:73	24.10.2020	Búdapest
100m bringa	Anton Sveinn McKee	SH	56:30	25.10.2020	Búdapest
200m bringa	Anton Sveinn McKee	SH	2:01:65	01.11.2020	Búdapest

#### Staðfest

### 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 13.10.2020	Formannafundur ÍSÍ fyrra boð	ÍSÍ
b. 16.10.2020	LEN letter October	LEN
c. 19.10.2020	Tilkynning frá Almannavörnum	Almv
d. 21.10.2020	LEN Elective Congress	LEN
e. 21.10.2020	Fréttatilkynning frá AHS	ÍSÍ

f.	22.10.2020	FINA OL qualifying events- RIG og ÍM50	FINA
g.	23.10.2020	Aukagreiðsla frá Getspá	ÍSí
h.	26.10.2020	Manifesto 2020	LEN
i.	28.10.2020	Bréf dagsetning Íþróttaping	ÍSí
j.	28.10.2020	Afrekssjóður 2021	AS
k.	29.10.2020	Leiðbeiningar um ef smit kemur upp í Íþróttahreyfingunni	ÍSí
l.	30.10.2020	Síðara fundarboð, formanna og framkvstj fundur ÍSí	ÍSí
m.	02.01.2020	SÍÓ styðja íþróttastarf í Afríku	JH

### 8. Önnur mál:

- Þann 8. nóv verður haldin ráðstefna á vegum LEN. Ráðstefnan sem átti upphaflega að fara fram í Búdapest verður fjarráðstefnda og mun formaður, framkvæmdastjóri og formaður taka þátt í ráðstefnunni.
- Þann 1. nóv átti formaður og ritari fund með NSF (Norræna samstarfið) um þá fulltrúa af framboðslista sem NSF mælir með til stjórnar- og ábyrgðarstarfa innan LEN.
- Formaður og ritari áttu einnig fjarfund fyrir í dag með Gilles Sezionale sem er til framboðs sem formaður LEN. Á fundinum kynnti Gilles áherslumál sín.
- Haldin verður formannafundur hjá ÍSí þann 13. Nóvember. Fundurinn verður fjarfundur.
- Vinna við að endurnýja samning við Nike á Íslandi er á lokametrunum.

**Fundi slitið kl. 19:00**